



Skeiða- og Gnúpverjahreppur kt 540602-4410, hér eftir nefndur leigusali, og Árnes á Íslandi kt. 560317-1070, hér eftir nefndur leigutaki, gera með sér eftirfarandi

## Samning um umsjón tjaldsvæðis við Árnes.

### 1. gr. Svæði

Landspilda vestan félagsheimilisins Árness er notað undir tjaldsvæði Landið er afgirt og skal leigusali annast viðhald girðingar.

### 2. gr. Búnaður

Landinu fylgja afnot af eftirfarandi búnaði til rekstrar tjaldstæðisins: rotþró, kaldavatnslögn og allt að 40 rafmagnstenglar fyrir tjaldhýsi og húsbíla. Auk þess er á landinu salernisaðstaða, sturtuaðstaða og aðstaða til seyrulosunar og losunar affalsvatns fyrir húsbíla.

### 3. gr. Tímabil

Tímabil samnings er frá 1. apríl 2022 til 31. desember 2024.

### 4. gr. Rekstur svæðis.

Leigusali greiðir allan rekstrarkostnað sem af svæðinu hlýst á tímabilinu. Leigutaki annast þrif og aðra umhirðu. Leigutaki annast slátt svæðisins.

### 5. Greiðsla

Leigusali greiðir umsjónarmanni 50% af innkomnum tekjum af svæðinu að frádregnum skilum á virðisaukaskatti. Greiðsla fer fram eftir á, eigi síðar en 10 dag næsta mánaðar eftir reikningsmánuð samkvæmt viðskiptayfirliti. Leigutaki skal skila inn öllum nótum og peningum fyrir. 5. hvers mánaðar.

Með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

Árnesi, \_\_\_\_\_ 2022

F.h. leigusala

F.h. leigutaka

\_\_\_\_\_  
Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri

\_\_\_\_\_  
Árnes ferðaþjónusta á Íslandi ehf

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði,

\_\_\_\_\_  
Nafn

\_\_\_\_\_  
Kennitala

\_\_\_\_\_  
Nafn

\_\_\_\_\_  
Kennitala